

Stjórnarfundur FNS

föstudaginn 9. janúar 2014, kl. 14:00 í HR

Mættar: Ingibjörg, Unnur, Gréta, Ásthildur, Helga, Ágústa, Ingibjörg, Olga

1. Reikningar félagsins
 - Ágústa fer stuttlega yfir stöðu á reikningum félagsins sem standa vel.
2. Fyrri fundagerðir
 - Farið yfir þær fundagerðir sem ritaðar hafa verið á þessu starfsári og farið yfir þau markmið sem stjórnin setti sér í upphafi þess.
 - Skriður komust á stéttafélagsmál og verður Capacent fengið til að skoða tilboð sem félagið mun gera um áframhaldandi vinnu.
 - Starfsþjálfunarmálin. Fundur verður í HÍ á mánudag þar sem vonandi eitthvað mun skýrast. Stjórnin vill hafa lokið þessu máli frá sinni hálfu fyrir lok starfsársins.
 - Farið yfir mál sem komið hafa á borð félagsins og umræður um hvaða mál eru þess eðlis að félagið geti tekið þau að sér og unnið og hver ekki.
 - Ágústa mun kynna sér hjá ráðuneytinu hvernig nýju lögin um „25 ára regluna“ verða framkvæmd
 - Hvernig er staðan hjá nefndum og ráðum sem virkjaðar voru í haust og hvað hefur verið gert? Þarf að kanna fljótlega.
 - Helga athugar hjá Arnari (Iðunni) hvort félagið ætti að vera með hlekk inn á heimasíðuna á síðu KÍ
 - Félagatalsmál. Ágústa komin með félagatalið í betra horf en var en hún vill fækka flækjustigum í skráningu og slíku.
3. Stefnumótunarfundurinn sem haldinn var á Hótel Sögu
 - Fundurinn gekk mjög vel en ekki eru komnar neinar upplýsingar eða niðurstöður frá honum.
4. Styrkjамál
 - Fundur verður haldinn um hvernig sótt sé um styrki, Rannís heldur fundinn á miðvikudag kl. 12:30 – 14:00
5. Samstarf við Samtök Atvinnulífsins
 - Áhugasöm um samstarf en það þarfnast nánari útfærslu við. spurning um samstarf vegna stórrar framhaldsskólakynningar.
 - Umræður um hver beri ábyrgð á að halda utan um slíka kynningu og er stjórnin undrandi á því að Menntamálaráðuneytið skuli ekki telja sig hafa hlutverk í þeim málum.

6. Könnunin hennar Olgu

- 150 náms- og starfsráðgjafar svöruðu könnuninni sem er einungis um 50% félagsmanna. Farið var yfir svörin og niðurstöður. Birta á félagsmönnum niðurstöður.

7. Dagskrá fræðslunefndar

- Heimsókn í Iðuna í janúar
- Heimsókn til Vinnumálastofnunar í mars
- Heimsókn í Fjölbautaskólann í Ármúla í mars/apríl
- Árshátíð í maí?

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.